
rður-Atlantshafi fjallar um:

ð-i, u l-



Sovézkur Delta-kafbátur. Um er að ræða tvær gerðir — Delta I, sem ber 12 langdrægar kjarnorkueldflaugar, og Delta II, sem ber 16. Mynd þessi er úr bókinni Jane's Fighting Ships, þar sem segir m.a., að við núverandi aðstæður geti Sovétmenn hæglega smíðað a.m.k. 6 slíka kafbáta á ári.

þorskastríð"

koma þannig í veg fyrir að NATO gæti haft not af þeirri mikilvægu aðstöðu, sem þar er til að hafa eftirlit með umferð á hafinu. Hvað gerðu Sovétmenn raunverulega til þess að þeir eigi þessa ásökun skilið? Þeir sendu öflugan og sýnilegan flota (sagt er að í honum hafi verið 10 beitiskip, freigátur og aðstoðarskip og jafn margir kafbátar) inn á átakasvæðið (íslenskt yfirráðasvæði) á viðkvæmum tíma deilunnar (strax eftir að hlutverk breska flotans breyttist úr óbeinni í beina þátttöku, þegar freigátur hans fóru inn fyrir 50 mílurnar) og þegar mjög mikið var að gerast."

Niðurstöður höfundarins af þessum atburði, sem hann lýsir þarna, eru ekki síður athyglisverðar en frásögnin sjálf, því að hann telur þetta tilvik annað af tveimur fram til 1975, sem sýni, að Sovétmenn hafi beitt flota sínum í pólitískum tilgangi á Norður-Atlandshafi. Hitt tilvikið bendir hann á, að sé þegar efnt var til sovéskra flotaæfinga í júlí 1968, skömmu fyrir innrásina í Tékkóslóvakíu.

Mig langar til að geta þess, að á tveimur ráðstefnum um flotamálefni hef ég hitt Robert G. Weinland, og í bæði skiptin látið í ljós miklar efasemdir um réttmæti þessarar kenningar hans, þar sem ég teldi, að það þjónaði lítt hagsmunum Sovétmanna gagnvart Íslandi, að þeir sýndu um of flotavald sitt hér við land. Þrátt fyrir þau andmæli mín, og raunar einnig annarra, heldur hann fast við skoðun sína og hefur nú fært fyrir henni ítarleg rök.

Hann er mikils metinn sérfræðingur í málefnum sovéska flotans og hefur rannsakað þau um langt árabil og starfar nú við Brookings Institute, sem er mjög virt stofnun.

Hér má minna á það, að 27. nóvember 1975, aðeins tveimur dögum eftir, að brezki flotinn hóf fhlutun sína innan 200 mílnanna, sáu menn í gæzluflugvél Landhelgisgæslunnar óþekktan kafbát 33 sjómílur norðvestur af Langanesi, sem stakk sér í djúpið, þegar hann varð flugvélarinnar var. Þann 2. desember 1975 hefur Morgunblaðið það eftir áreiðanlegum upplýsingum, að kafbáturinn hafi verið sovézkur.

— Kemur Ísland víða við sögu í bókinni?

— Já, óhætt er að fullyrða það, því að enginn getur fjallað um öryggismál á Norður-Atlantshafi án þess að sláukið hernaðarlegt mikilvægi landsins komi inn í þá mynd. Ég ætla að lokum að vitna til greinar eftir George R. Lindsay frá Kanada, sem fjallar um framtíð kafbátanna og áhrif þeirra á flotaumsvif á Norður-Atlantshafi og á heimskautssvæðinu.

Hann minnir á, að hernaðarstefna Sovétríkjanna fyrir og eftir síðari heimsstyrjöldina hafi haft það markmið að mynda umhverfis Rússland eins konar varnarbelti til að halda hugsanlegum innrásaraðilum í fjarlægð.

Kröfurnar í garð Finna 1939 hafi verið settar fram í því skyni að vernda svæðin umhverfis Murmansk og Leningrad, vetrarstríðið milli Finna og Rússa hafi einmitt leitt til þess, að það markmið náðist. Við Kyrrahafið hafi Rússar slegið eign sinni á eyjar nálægt Japan. Austur-Pólland hafi verið tekið 1939, Eistland, Lettland, Lithauen, Bessarabia og Norður-Bukovina 1940. Raunar megi líta á aðildarlönd Varsjárbandalagsins sem slíkt belti milli Rússlands og NATO-ríkjanna. Þannig sé það í fullu samræmi við fyrri stefnu að ætla, að sovézkir herfræðingar vilji koma á svipuðu belti á hafinu, og færa yfirráð sín þar út, hvenær sem tækifæri gefst. Þeir mundu þá byrja næst ströndunum við Murmansk, og þá koma helzt til álita Norður-Noregur, Svalbarði, Jan Mayen, Grænland, Ísland og Færeyjar.

Í bókinni „New Strategic Factors in the North Atlantic" eru birt í heild erindi, sem flutt voru á fyrrgreindri ráðstefnu, sem Institute for Strategic Studies í Lundúnum og Norska utanríkismálastofnunin gengust fyrir í Reykjavík í október árið 1975, og greinargerðir, sem þar voru lagðar fram, en þar var fjallað um breytt viðhorf í vörnum þeirra ríkja, sem strendur eiga að Norður-Atlantshafi. Í bókarformála segir, að ráðstefna þessi muni vera sú fyrsta þar sem vísindamönnum, sérfræðingum og stjórnmálamönnum frá öllum strandríkjum við Norður-Atlantshaf hafi gefist kostur á að fjalla sérstaklega um breytt viðhorf í öryggismálum þessa heimshluta.

Eins og fyrr segir, er Björn Bjarnason einn höfunda bókarinnar, og ber grein hans heitið „Stefna Íslands í öryggismálum".

Auk höfundanna, sem fjalla um öryggismál Norður-Atlantshafsins frá hinum ýmsu sjónarmiðum, er í formála minnst á nokkra, sem lögðu fram efni til ráðstefnunnar, og er Már Elísson, fiskimálastjóri, þar á meðal.

Umsjón með útgáfu „New Strategic Factors in the North Atlantic" höfðu Johan Jörgen Holst, núv. aðstoðarvarnamálaráðherra Noregs, og Christopher Bertram, forstjóri International Institute for Strategic Studies í Lundúnum.

„New Strategic Studies in the North-Atlantic" verður fáanleg í Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar í næstu viku. — Á.R.



tshafi, sem haldin var að Hótel Loftleiðhristopher Bertram, Björn Bjarnason, G. Weinland.

slusvæði Sovétríkjanna

„Að loka augunum og leita inn"

Baltasar sýnir olíumálverk og teikningar á Kjarvalsstöðum

BALTASAR listmálari sýnir nú 50 olíumálverk á Kjarvalsstöðum, en þar af eru 13 málverk í einkaeign. Þá eru einnig á sýningunni 40 teikningar af öllum bændum í Grímsnesinu fyrir u.þ.b. árautg. Sýningin verður opnuð í dag kl. 2 og mun standa í tvær vikur.

Í spjalli við Baltasar um sýninguna sagðist hann hafa gert þessar teikningar af Grímsnesbændum að gamni sínu. „Við riðum oft út þarna á þessum tíma," sagði hann, „og það var var því ágætt tilefni að heimsækja fólkið og kynnast því og teikna. Þetta eru blýantsteikningar og það var skemmtilegt að vinna þetta, en allar myndirnar eru andlitsmyndir. Sumu fólkinu náði ég ekki öðru vísi en að fylgjast með því við störf sín í búskapnum, í fjósi og við önnur verk, því sumt fólk er feimið og vill ekki sitja fyrir. Að sumu leyti eru þessar myndir orðnar heimildarmyndir, því nokkrir mannanna eru látnir."

„Hvað viltu segja um stíl þinn í málverkinu nú?"

„Myndirnar sem ég sýni hér eru frá síðustu þremur árum og þær sýna að minn stíll er að breytast. Það er bjartara yfir honum en var og ég spila meira upp á gráa tóninn en fyrr.

Allt sem ég mala nú, nema andlitsmyndir, er málað eftir minni úr mínu drauma- og tilfinningalífi. Það sem er eftirtektarvert og minnisstætt hefur þannig komið fram á léreftinu. Þetta er ekki beinlínis draumsýn, maður lokar augunum og leitar inn. Þannig er maður ekki eins staðbundinn við ákveðin form.

Nú eru einnig fleiri viðfangsefni í verkefnavali mínu, hundar eru komnir til viðbótar hestum, naktar fyrirmyndir og þjóðsögur, en fyrr hef ég ekki fengizt við þjóðsögur. Ég hef reynt að setja mig inn í stemmninguna á þeim vettvangi og ætla mér að leita áfram á því sviði. Vegna drottnunar afskræmda listformsins hefur þjóðsögufyrirmyndin ekki verið mikið tekin fyrir upp á síðkastið, en margt af því er mjög myndrænt og það skemmtilega við það finnst mér að það er engin hetjudýrkun, heldur Pétur og Páll með sínum draugum.

Annars finnst mér þessi sýning aðeins hljómrænni en venjulega, nær eðli mínu, og þess vegna kom upp sú hugmynd að flytja tónlist og dans á sýningunni. Helga Ingólfsdóttir semballeikari og Ingibjörg Björnsdóttir ballettdansari ásamt hópi dansara munu flytja 6 sinnum á sýningartímanum um hálfrar stundar dagskrá með barrokdönsum frá Spáni og það má því segja að þetta sé nokkurs konar uppákoma aftur á bak."

Elztu dansarnir á sýningunni eru frá 1450, en flestir eru frá miðri 16. öld og dansað er í 16. aldar búningum.

Ingibjörg Björnsdóttir og Helga Ingólfsdóttir sögðu að þetta væru fjörugir dansar frá þessum tíma, hopp og læti, en ekki aðeins bugt og beygingar eins og ætla mætti. Það taka tvö börn þátt í flutningi dagskrárinnar, Þórir Hrafnsson, sem leikur á flautu og, Mireya Baltasarsdóttir sem leikur á tamborinu. Þau dansa einnig stuttan dans.

Helga sagði að það hefði verið mikil vinna að æfa upp dagskrána, því þau hefðu lagt áherzlu á að hafa alveg sömu sporin og fyrr á öldum. Dansarar eru: Guðbjörg Björgvinsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Oddrún Þorbjörnsdóttir, Björn Sveinsson, Ólafur Ólafsson og Örn Guðmundsson.

Meðan á sýningu stendur verða dansaðir spánskir dansar á eftirtöldum dögum: 20. mars kl. 5, 24. mars kl. 9, 26. mars kl. 5, 31. mars kl. 9, 2. apríl kl. 5 og 3. apríl kl. 5.



Baltasar við málverk sem hann hefur gert af Thor Vilhjálmssyni rithöfundi.



Þessir hljóðfæraleikarar og dansarar munu sýna listir sínar 6 sinnum meðan á sýningartímanum stendur. Myndin var tekin fyrir æfingu á Kjarvalsstöðum. Ljósmyndir Mbl. Friðþjófur.